

Nd.

274. Breytingartillaga

við frumv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 13. gr. Orðin „sem hér segir“ í 1. másl., svo og a-, b- og c-liður gr., falli burt, en í staðinn komi: 500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru. Ennfremur 500 kr. fyrir hvert barn innan 14 ára og hvern skylduómaga, hafi hann ekki sjálfur efni á að kosta framfæri sitt. Hafi skylduómagi tekjur, lækkar frádráttur sem þeim nemur, og fellur í burt, ef tekjuupphæðin nemur 400 kr. eða meiru.